

DAGSKRÁ

HAUST
2023

BÓKASAFN
GARÐABÆJAR

TÓNLISTARNÆRING

AFTUR TIL HOFSSSTAÐA
OG MINJAGARÐURINN

HÖNNUNARSAFN
ÍSLANDS

FJÖLSKYLDUSTUNDIR

MENNING Í
GARÐABÆ

Hönnunarsafn Íslands sýnir, skráir og rannsakar íslenska hönnun og listiðnað. Viðburðir fyrir börn og fjölskyldur og fyrirlestrar og námskeið fyrir fullorðna eru haldnir reglulega. Í safnbúð er gott úrval af hönnunarvöru.

Sýningar

3.febrúar 2022–1.mars 2026

HÖNNUNARSAFNIÐ SEM HEIMILI

Sýning á 200 hönnunargripum úr safneigninni. Sýningin er sett upp sem grunnmynd af heimili og rétt eins og á heimilum fólks eru hlutir fengnir héðan og þaðan og fjölbreytileikinn því allsráðandi. Húsgögn, borðbúnaður, fatnaður, bækur og textill frá ólíkum tímum koma saman á sýningunni og varpa þannig ljósi á brot af því sem íslenskir hönnuðir og handverksfólk hefur skapað.

Safnið á röngunni

6.október–30.desember 2023

LOTHAR GRUND – SKRÁNING

Skráning á teikningum eftir Lothar Grund (1923–1995) sem safninu voru færðar til varðveislu af fjölskyldu hans. Skráningin fer fram fyrir opnum tjöldum af sérfræðingi safneignar. Teikningarnar tengjast aðallega stóru verkefni sem hann tók að sér árið 1961, innanhússhönnun Hótel Sögu.

Vinnustofudvöl

Í anddyri safnsins dvelja hönnuðir og handverksfólk í nokkrar vikur í senn og vinna í opnu rými. Hægt er að fá innsýn í störf þeirra og jafnvel versla vörur sem verða til á meðan á dvölinni stendur.

Pallurinn

6.október–30.desember 2023

DOLINDA TANNER (1923–1967)

Dolinda var svissnesk listakona sem starfaði hjá Laugarnesleir frá 1949–1952. Verkin á sýningunni eru keramik- og veflistaverk sem fengin eru að láni hjá fjölskyldu listakonunnar í tilefni af því að 100 ár eru liðin frá fæðingu hennar.

Safnbúðin

Vörur eftir íslenska hönnuði til sölu en úrvalið spannar fatnað, borðbúnað, bækur, skraut og annað sem hönnuðir fást við í dag. Vöurnar tengjast allar safneign og sýningum á einhvern hátt.

Smiðjan

Fræðslurými þar sem tekið er á móti skólahópum og smiðjur haldnar fyrir fjölskyldur. Þrautaborð í anda arkitektsins og stærðfræðingsins Einars Þorsteins Ásgeirssonar (1942–2015) er staðsett í Smiðjunni. Námskeið, fyrirlestrar og aðrir viðburðir eru einnig haldnir í rýminu.

September

dagskrá

Sunnudagur 3.september
kl.13–15

Plöntuprentun fyrir alla fjölskylduna með grafíska hönnuðinum Kötlu Einarsdóttur.

Föstudagur 22.september
kl.17

Nýr hönnuður kynntur í vinnustofudvöl.

Október

dagskrá

Sunnudagur 1.október
kl.13–15

Safnað í bók með grafíska hönnuðinum Unu Magnúsdóttur. Skoðum og pælum hvernig hvað sem er getur orðið efniviður í bók. Allt er mögulegt!

Föstudagur 6.október
kl.17

Opnun Hönnunarsafnið sem heimili, sýning á hönnunargripum úr safneign opnuð formlega. Eldhús, barnaherbergi, svefnherbergi og fataherbergi, stofa og vinnuherbergi fullbúin húsgögnum og hönnunargripum úr safneign sem sett er fram á nýstárlegan hátt.

Sýning á verkum listakonunnar Dolindu Tanner (1923–1967) á Pallinum. Dolinda starfaði hjá Laugarnesleir árin 1943–1952 við að skreyta leirmuni.

Skráning á teikningum eftir Lothar B. Grund sem fer fram í rýminu Safnið á röngunni, fyrir opnum tjöldum.

Sunnudagur 22.október
kl.13

Leiðsögn um Hönnunarsafnið sem heimili með sýningarstjórunum Sigríði Sigurjónsdóttur safnstjóra og Önnu Dröfn Ágústsdóttur.

HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS

HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS

Nóvember dagskrá

Sunnudagur 5.nóvember
kl.13–15

Kertasmiðja með Ísabellu Leifs-dóttur. Takið með hvers kyns ílát svo sem gamlar dósir, krukkur, blómá-potta og gerum falleg haustkerti saman. Fylgist með Facebook-viðburði vegna skráningar á smiðjuna en takmarkaður fjöldi kemst að.

Sunnudagur 19.nóvember
kl.13–16

Eldhúsumræður með þremur fyrir-lesurum sem eru sérfróðir um ýmiss konar málefni tengdum eldhúsum.

Föstudagur 24.nóvember
kl.17

Heimsókn Með hönnun nýrra viðmóta breytast samskipti fólks. Grafísku hönnuðirnir Una Magnúsdóttir og Katla Einarsdóttir sýna valin samskipti heimilisfólks á sýningunni *Hönnunarsafnið sem heimili*. Ef við þekkingu þær rétt munu þær skoða skoplegu hliðina á þessum samskiptum.

Desember dagskrá

Laugardagur 2.desember
kl.13

Snjókorð af ýmsum gerðum hönnuð og sköpuð af litlum og stórum puttum. Smiðjan er liður í Aðventu-hátíð Garðabæjar og gestir hvattir til að njóta viðburða um allt Garðatorg.

Sunnudagur 10.desember
kl.13–15

Gefum okkur tíma til að skrifa á jólakort, sötra kakó og hlusta á jólatónlist í Smiðjunni.

Hönnunarsafn Íslands
Garðatorgi 1
sími 512 1525
Opið frá kl.12–17 alla daga
nema mánudaga

Nánar á honnunarsafn.is,
[Instagram](#) og [Facebook](#)

Hádegistónleikar í boði menningar- og safnanefndar Garðabæjar í samstarfi við Tónlistarskóla Garðabæjar. Tónleikarnir fara fram í sal skólans að Kirkjulundi, dagskráin hverju sinni kemur á óvart en aðgangur er ókeypis.

Miðvikudagur 6.september
kl.12.15

JÓN SVAVAR
JÓSEFSSON baritón,
og GUÐRÚN DALÍA píanó

Miðvikudagur 4.október
kl.12.15

KRISTÍN
SVEINSDÓTTIR sópran,
og KRISTINN ÖRN
KRISTINSSON píanó

Miðvikudagur 1.nóvember
kl.12.15

GAUDUS MORHUA
BJÖRK NÍELSDÓTTIR
söngur og langspil, EYJÓLFUR
EYJÓLFSSON söngur, flauta
og langspil og STEINUNN
ARNBJÖRG STEFÁNS-
DÓTTIR barrokselló og söngur

Miðvikudagur 6.desember
kl.12.15

HERDÍS ANNA
JÓNASDÓTTIR sópran
og LAUFÉY SIGRÚN
HARALDSDÓTTIR píanó

HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS

TÓNLISTARNÆRING

Bókasafn Garðabæjar er lifandi upplýsinga- og sköpunarsetur þar sem öll eru velkomin að koma og fræðast, miðla, hittast, dvelja og njóta góðra stunda. Fjölbreyttur safnkostur og viðburðir eru í boði fyrir allan aldur.

Fastir liðir

Lesið fyrir hund Annan laugardag í mánuði. Athugið 4.nóv í Álfтанessafni. Skráning á bokasafn@gardabaer.is.

Klassíski leshringurinn

Annan hvern þriðjudag kl.10.30. (frá 26.sept–5.des). Verk eftir 12 íslenskra karlrithöfunda lesin.

September dagskrá

Laugardagur 2.september kl.13 á Urriðaholtssafni

Penelópa bjargar prinsu. Sögustund með Jónu Valborgu Árnadóttur rithöfundi.

kl.12–15 á Álfтанessafni

Leikur með ljósaborð og segulkubba.

kl.11–15 á Garðatorgi

Föndur og notalegheit.

Laugardagur 16.september

kl.12 á Garðatorgi

Scratch forritunarsmiðja með Skema, skráning á bokasafn@gardabaer.is

Fimmtudagur 21.september

kl.10.30 á Garðatorgi

Foreldraspjall um tíma- og streitu-stjórnun í nútímasamfélagi.

Laugardagur 23.september

kl.11–14 á Garðatorgi

Leikur með ljósaborð og segulkubba.

Þriðjudagur 26.september

kl.17.30 á Garðatorgi

Fróðleiksmoli með Elizú Reid sem ræðir um bók sína, *Sprakkar*.

Laugardagur 30.september

kl.11.30 á Garðatorgi

Fjölskyldujóga með Önnu Rós Lárusdóttur, höfundi bókarinnar *Jógastund*.

Oktober dagskrá

Laugardagur 7.október

kl.11–15 á Urriðaholtssafni

Föndrum saman á safninu.

Miðvikudagur 18.október

kl.18–19 á Garðatorgi

Náttfatasögustund fyrir 3–7 ára.

Skráning á bokasafn@gardabaer.is

Fimmtudagur 19.október

kl.10.30 á Garðatorgi

Foreldraspjall um svefnvenjur ungbarna með sérfræðingi frá Svefnró.

Laugardagur 21.október

kl.12 á Garðatorgi

Stjörnu-Sævar fræðir gesti um allt milli himins og jarðar.

Föstudagur 27.október

kl.11–18 á Garðatorgi

Bangsadeginum fagnað með myndabás. Taktu mynd af þér með upphaldsbangsnum þínum!

Laugardagur 28.október

kl.11–14 á Garðatorgi

Hrekkjavökusmiðja, graskersskurður og búningagleði. Komið með grasker og verkfæri í gleðina!

Þriðjudagur 31.október

kl.17.30 á Garðatorgi

Fróðleiksmoli með Ármanni Jakobsyni sem fjallar um drauga, tröll, galdra og heiðni í Íslendingasögnum.

Nóvember dagskrá

Laugardagur 4.nóvember

kl.11–14 á Garðatorgi

Frjálsleg föndurstund.

kl.13 í Urriðaholtssafni

Skrímslasögustund með Áslaugu Jónsdóttur, höfundi bókana um Litla skrímsli og Stóra skrímsli.

Miðvikudagur 8.nóvember

kl.10.30 á Garðatorgi

Prjónað og hlustað. Komdu með prjónana þína eða aðra handavinnu og njóttu upplesturs.

Dagur íslenskrar tungu

Fimmtudagur 16.nóvember

kl.10.30 á Garðatorgi

Foreldraspjall með Tinnu Sigurðardóttur talmeinafræðingi sem fjallar um máltöku barna og gefur góð ráð.

kl.16.30

Kór Hofstaðaskóla syngur og í kjölfarið koma söngkonan Tinna Margrét og gítarleikarinn Matthías Helgi fram og flytja íslensk sönglög.

Laugardagur 18.nóvember

kl.12 á Garðatorgi

Barnabókahöfundur kemur í heim-sókn og les úr splunkunýrri bók.

Fimmtudagur 23.nóvember

kl.20–22 á Garðatorgi

Bókaspjall með nokkrum rithöfundum sem ræða og lesa úr bókum sem koma út fyrir jólin.

Laugardagur 25.nóvember

kl.11.30 á Garðatorgi

Fjölskyldujóga með Önnu Rós Lárusdóttur, höfundi bókarinnar *Jógastund*.

Laugardagur 28.nóvember

kl.17.30 á Garðatorgi

Fróðleiksmoli sem kemur á óvart, fylgist með.

Desember dagskrá

Laugardagur 2.desember

kl.13–15 á Garðatorgi

Jóla föndur, jóla leikrit og notaleg stemning sem er liður í Aðventu-hátíð Garðabæjar. Gestir hvattir til að njóta viðburða um allt Garðatorg.

Miðvikudagur 6.desember

kl. 10.30 á Garðatorgi

Prjónað og hlustað. Boðið upp á upplestur á jólasögu á meðan gestir stunda handavinnu.

Bókasafn Garðabæjar

Garðatorgi 7

Sími 591 4550

Opið alla virka daga kl.9–19 laugardaga kl.11–15

Álfтанessafn

v/Eyvindarstaðaveg

Sími 591 4560

Opið mánudaga til fimmtudaga kl.14–18, föstudaga kl.14–17 fyrsta laugardag í mánuði kl.12–15

Urriðaholtssafn

v/Vinastræti

Sími 591 4555

Opið fimmtudaga kl.13–18 fyrsta laugardag í mánuði kl.11–15

Nánari upplýsingar um aðra viðburði má finna á bokasafn.gardabaer.is og á Facebook.

BÓKASAFN GARÐABÆJAR

BÓKASAFN GARÐABÆJAR

AFTUR TIL HOFSSSTAÐA, MINJAGARÐURINN Á HOFSSTÖÐUM OG AFTUR TIL HOFSSTADA.IS

Lífinu í landnámsbænum sem fannst við Kirkjulund eru gerð góð skil með sýningum og vefsíðu sem nýttist jafnt skólahópum sem almenningi. Saga Garðabæjar frá landnámi er rakin í glæsilegri hönnun á margmiðlunarsýningunni Aftur til Hofsstaða á Garðatorgi 7. Í Minjagarðinum á Hofsstöðum við Kirkjulund má skygnast inn í lífið á landnámsöld í gegnum margmiðlunarsjónauka en stór landnámskáli er staðsettur í garðinum auk þess sem fræðsluskilti hafa verið uppfærð. Á vefsíðunni www.afturtilhofsstada.is má sækja enn meiri fróðleik um landnámskálann og íbúa hans.

AÐVENTUHÁTÍÐ GARÐABÆJAR 2. DESEMBER

Upphafi aðventu fagnað frá kl.13–16 með handverksmarkaði á Garðatorgi 1–4, hönnunarsmiðju í Hönnunarsafni Íslands, leikriti og föndursmiðju á Bókasafni Garðabæjar og jólatrés-skemmtun með jólasveinum á Garðatorgi 7.

Klifid býður upp á fjölbreytt námskeið á sviði tónlistar, myndlistar og leiklistar. Nánar á klifid.is



Nánari upplýsingar veitir menningarfulltrúi Garðabæjar, Ólöf Breiðfjörð í síma 820 8550 eða á netfangið olof@gardabaer.is

LISTAHÁTÍÐIN RÖKKVAN Á GARÐATORGI

Helgina 29. og 30. september fer listahátíðin Rökkvan fram á Garðatorgi 1–4. Listræni stjórnendur hátíðarinnar eru ungir tónlistarmenn í Garðabæ. Tónlist er í forgrunni auk þess sem ungir hönnuðir og myndlistarmenn standa fyrir markaði og sýningu. Ungir tónlistarmenn koma fram en á tónleikum á föstudagskvöld leikur hljómsveitin Moses Hightower. Hátíðinni lýkur með tónleikum Diktu laugardagskvöldið 30. september. Nánari upplýsingar á samfélagsmiðlum og vef Garðabæjar.

MENNINGARDAGSKRÁ FYRIR SKÓLAHÓPA

Í Hönnunarsafni Íslands, Bókasafni Garðabæjar og Tónlistarskóla Garðabæjar fer fram dagskrá fyrir skólahópa. Grunnþættir menntunar eru hafðir að leiðarljósi og áhersla lögð á að nemendur fái að skapa, tjá sig og upplifa hönnun, bókmenntir og tónlist í sérsniðinni dagskrá. Þá er boðið uppá dagskrá fyrir skólahópa um sögu Garðabæjar frá landnámi, sjá hér fyrir ofan í liðnum Aftur til Hofsstaða.

Gróska er félag myndlistarmanna í Garðabæ. Gróska hefur aðsetur á Garðatorgi 1. Nánar á Facebook-síðu Grósku.

Upplýsingar um einstaka viðburði má finna á Facebook-síðu Garðabæjar, Hönnunarsafns Íslands og Bókasafns Garðabæjar.